



Jarðhitafélag Íslands

Jarðhitafélag Íslands Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2008 - 2009 Aðalfundur 21. apríl 2009

Kæru félagsmenn,

Aðalfundur Jarðhitafélags Íslands var haldinn 22. apríl 2008.

Á fundinum gekk Einar Gunnlaugsson úr stjórn en nýr í stjórn var kjörinn Bjarni Pálsson, auk þess sem þau Auður Andrésdóttir, Ólafur G. Flóvenz og Ásgeir Margeirsson formaður voru kjörin til áframhaldandi setu næstu tvö árin. Áfram sátu í stjórn, kosin til tveggja ára á aðalfundi 2007 þau Ragna Karlsdóttir, Jónas Matthíasson og Gústaf Adolf Skúlason.

Stjórnin hélt fjölmarga fundi á árinu og fjallaði um ýmis mál, eins og gefur að skilja. Stærstu viðfangsefnin eru haust- og vorfundir, en ákveðið hefur verið að fella saman vorfund og aðalfund. Haustfundur 2008, sem haldinn var hér í Orkugarði, var tileinkaður störfum Valgarðs Stefánssonar og tókst fundurinn með miklum ágætum. Ég vil sérstaklega þakka þeim sem þar lögðu hönd á plóg.

Nýr vefur Jarðhitafélagsins er nú kominn í loftið, ef svo má segja, frá og með deginum í dag. Hefur vefurinn verið eitt af viðfangsefnum stjórnar. Sérstaklega vil ég þakka Auði Andrésdóttur og Gústaf Adolf Skúlasynti fyrir vinnu að þessu verkefni. Enn stendur yfir leit að nokkrum útgáfuritum félagsins í rafrænu formi og jafnframt á eftir að vista einhver ritin á tilætluðum stað á vefnum, en það stendur allt til bóta á allra næstu dögum. Vefurinn er fyrst og fremst hugsaður sem eins konar nafnspjald félagsins, en einnig sem hýsing fyrir útgáfustarfsemi á þess vegum, erindi opinna funda.

Eitt stærsta mál stjórnarinnar á liðnu ári var umsókn um alþjóðlegu jarðhitaráðstefnuna WGC 2015, sem send var nýlega til IGA. Mikil vinna var lögð í umsóknina og tel ég að okkur hafi tekist að leggja fram mjög áhugaverða umsókn til stjórnar IGA. Umsókn okkar nýtur afar mikilvægs stuðnings Iðnaðarráðherra, Orkumálastjóra, Stjórnar Samorku og Borgarstjórns í Reykjavík. Formaður Jarðhitafélagsins mun fylgja umsókninni eftir fyrir stjórn IGA þann 8. maí n.k.

Fjármál skipa léttan sess í stjórnarstarfinu, en þau eru undir tryggri stjórn Jónasar Matthíassonar, gjaldkera, sem gerir nánari grein fyrir þeim hér á fundinum.

Vil ég nota tækifærið og þakka meðstjórnarmönnum mínum ánægjulegt og gefandi samstarf á árinu. Ekki síst þakka ég Gústaf Adolf fyrir að bera hitann og þungann af hversdagslegri umsýslu félagsins.

Miklar breytingar hafa orðið á lagaumgjörð íslensks jarðhitaiðnaðar á liðnu ári. S.l. voru sett ný lög er kveða á um að auðlindir í opinberri eigu megi ekki selja einkaaðilum en jafnframt er heimilað framsal afnota til allt að 65 ára. Einnig var sett lagaákvæði um fyrirtækjaaðskilnað orkufyrirtækja er annast bæði samkeppnisstarfsemi og einkaleyfisstarfsemi. Þýðir þetta í meginatriðum að aðskilja skuli framleiðslu og sölu raforku frá öðrum þáttum rekstrar orkufyrirtækja og að dreifiveitufyrirtæki mega ekki annast annars konar starfsemi. Ennfremur var sett lagaákvæði um meirihlutaeign opinberra aðila á dreifiveitufyrirtækjum. Þessar breytingar hafa þegar haft áhrif á íslensk orkufyrirtæki og eigum við án efa eftir að sjá frekari breytingar í náinni framtíð.

Jarðhitaiðnaðurinn hefur ekki varið varhluta af fjármálaástandi landsins og heimsins, frekar en aðrir. Þrátt fyrir þann hnekki sem ímynd Íslands hefur boðið er það trú mín að ímynd okkar sem fyrirmyndar- og forystuland á sviði jarðhitánýtingar sé óskemmd. Skapar gengisfall krónunnar mikil tækifæri fyrir íslenska ráðgjafa að selja þjónustu sína á erlendri grund og er ég bjartsýnn á að það skapi okkar fólki aukin tækifæri.

Að endingu vil ég þakka félagsmönnum og aðildarfélögum Jarðhitafélagsins fyrir samstarfið á liðnu ári.

Ásgeir Margeirsson